

Forseti: ... En þá er tekinn fyrir næsti liður, annar liður í útsendri dagskrá sem er fundargerð borgarráðs frá 17. desember, það er 17. liður, kosningar í nefndir og ráð. Var einhver að biðja um orðið? Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að taka til máls. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskar ekki eftir að taka til máls ... eftir kosninguna, já. Þá er gengið til atkvæða um 17. lið, þeir sem samþykkja 17. liðinn gefið merki. Þeir sem samþykkja 17. liðinn gefið merki. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir að taka til máls.

**3. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. desember
- 17. liður; kosning í nefndir og ráð**

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs undir 19. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember síðastliðnum en þar var lagt fram bréf skrifstofustjóra borgarstjórnar fyrir hönd stjórnkerfisnefndar frá 4. desember síðastliðnum þar sem hafnað er tillögum þess sem hér stendur og einfaldlega afgreiddar út frá borðinu tillögur sem varða sameiningu menntaráðs og leikskólaráðs og sameiningu velferðarráðs og mannréttindaráðs. Enginn rökstuðningur fylgir þessari afgreiðslu stjórnkerfisnefndar sem ég tel að hefði verið með öllu nauðsynlegt, ekki síst finnst mér þetta bagalegt þar sem ýmsar tillögur varðandi sameiningu nefnda og hagræðingu í borgarkerfinu og forgangsörðun til þess sem ég nefndi hér í fyrri ræðu, velferðar- og menntakerfisins, fremur en í flotræfilsverkefni niðri við höfn, öllum slíkum tillögum hefur verið snarlega ýtt út af borðinu þegar þær hafa verið bornar hér upp í borgarstjórn þannig að hér var til staðar tækifæri til að spara, ef menn hefðu skoðað þetta svolítið betur. Ég hef verið lengi þeirrar skoðunar að það sé út í hött frá upphafi að kljúfa menntaráð og leikskólaráð upp í tvö ráð og hvað þá velferðarráð og mannréttindaráð enda vita allir að þetta voru við síðustu framkvæmdir í stjórnkerfi borgarinnar einhverskonar skrauthúfuaðgerðir. En ég legg, í tilefni af þessu, fram svohljóðandi bókun með leyfi forseta:

Í bréfi skrifstofustjóra borgarstjórnar f.h. stjórnkerfisnefndar frá 4. desember sl. er tillögu minni um sameiningu mannréttindaráðs og velferðarráðs annars vegar og um sameiningu menntaráðs og leikskólaráðs hins vegar endanlega ýtt út af borðinu í raun án nokkurs rökstuðnings. Ég tel þessa afgreiðslu málsins ótæka með öllu, ekki síst þar sem fyrirspurnir mínar í borgarráði frá því í nóvembermánuði sl. liggja enn óafgreiddar hjá skrifstofu borgarstjóra. Þessar fyrirspurnir varða m.a. kostnað vegna boðsferða kjörinna fulltrúa og kostnað vegna ferðalaga núverandi borgarstjóra í samanburði við samsvarandi kostnað í borgarstjóratið minni, sbr. fyrirspurnir mínar í borgarráði 12. nóvember sl.

Einnig hefur svohljóðandi fyrirspurnum mínum frá 19. nóvember sl. enn ekki verið svarað: „Eins og kunnugt er hefur undirritaður lagt fram tillögu í borgarstjórn um sameiningu fagraða í borginni, þannig að þau verði 7 í stað 9. Þetta fæli í sér fækkun launaðra fulltrúa um 16 af 72 í fagraðum borgarinnar. Hvað myndi þetta lækka mikið launaútgjöld hjá borginni? Hver má ætla að yrði fjárhagslegur sparnaður fyrir borgina af því að sameina velferðar- og mannréttindasvið annars vegar og mennta- og leikskólasvið hins vegar, eins og gert er ráð fyrir í tillögu minni um sameiningu fagraða og starfssviða borgarinnar? Hver yrði sparnaður á launaútgjöldum borgarinnar með því að lækka laun áheyrnarfulltrúa F-listans, niður í 70% af launum annarra kjörinna fulltrúa í 9

fagraðum og 10 hverfisráðum borgarinnar? Af því tilefni er spurt hver launakostnaður borgarinnar er vegna kjörinna fulltrúa hvers framboðs (B-lista, D-lista, F-lista, S-lista og V-lista) í sérhverju fagraði og sérhverju hverfisráði borgarinnar. Einnig er spurt hver yrði útgjaldalækkun borgarinnar vegna kjörinna fulltrúa í hverfisráðum ef þau yrðu sameinuð í 5 úr 10.“

Forseti, ég legg fram þessa bókun og vona að sparnaðartillögur F-listans þurfi ekki að bíða með að ná fram yfir næstu sveitarstjórnarkosningar, þó ég efist ekki um að þessi mál muni eiga sér bjartari framtíð og betri hljómgrunn hér í borgarstjórn að loknum næstu kosningum þó að allar spár samtaka fjölmiðla og stjórnámálamanna um að sá sem hér stendur nái aldrei nokkru fram í kosningum til borgarstjórnar, þá mun hið gagnstæða sannast í vor.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lagt fram bókun. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls undir þessum lið og er þá umræðu lokið.